

Bæjarráð Garðabæjar

Efni: Svar við fyrirspurn um málefni Tónlistarskóla Garðabæjar

Fjöldi nemenda við nám hjá Tónlistarskóla Garðabæjar eru 470 samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnenda.

-Hversu mörg börn eru á biðlista hjá Tónlistarskóla Garðabæjar?

Svar:

Á biðlista er 197 umsækjendur

þarf af eru:

8 umsækjendur sem uppfylla ekki aldursskilyrði.

8 umsækjendur með lögheimili utan Garðabæjar

15 umsóknir sem eru eldri en tveggja ára.

-Er á áætlun að taka á þeim húsnæðisvanda sem Tónlistarskóli Garðabæjar býr við?

Svar:

Starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar fer fram í tæplega 900 fermetra húsnæði sem tekið var í notkun árið 2000 og er eitt glæsilegast húsnæði sem hýsir starfsemi tónlistarskóla á landinu. Auk þess fer starfsemin fram í húsnæði grunnskólanna þar sem nemendur sækja tíma í hljóðfæraleik og tónmennt á hefðbundnum skólatíma. Í því sambandi má sérstaklega benda á þá starfsemi skólans sem fram fer í nýju húsnæði Urriðaholtsskóla.

Starfsemi tónlistarskóla er ekki lögbundin starfsemi sveitarfélaga en í þeim tilvikum sem sveitarfélög ákveða að stofna tónlistarskóla ber þeim að greiða launakostnað kennara og skólastjóra. Stærð skólans ræðst því ávallt af ákvörðun sveitarstjórnar um fjölda stöðugilda kennara og af fjárfjárveitingum samkvæmt fjárhagsáætlun. Í tilviki Garðabæjar liggja þær ákvarðanir fyrir og grundvelli þeirra verður að telja að húsnæði skólans rúmi ágætlega starfsemi skólans.

Til framtíðar litið hefur verið horft til þess að húsnæði skólans geti stækkað með viðbyggingu til suður inn á óbyggða lóða við Kirkjulund 15. Þá er einnig á það að benda að valkostir varðandi framtíðarskipan húsnæðismál tónlistarskólans munu tengjast hugmyndum um starfsemi í nýju menningarhúsi/sköpunarmiðstöð.